

# Hagnýtt uppfleittirit

Bókarhöfundur: **Stefán Már Stefánsson**, prófessor.

Bókarheiti: **Hlutfélagaréttur.**

Gagnrýnandi: **Dr. Davíð Þór Björgvinsson**, prófessor.

Útgefendur: **Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 2013, 551 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Meginstyrkur ritsins liggur í hagnýtu gildi þess sem handbókar eða uppfleittirits um alla meginþætti hlutfélagaréttarins. Uppbygging og kaflaskipting bókarinnar fylgir í höfuðatriðum uppbyggingu laga um einkahlutfélög nr. 138/1994 og laga um hlutfélög nr. 2/1995. Uppsetningin er þannig skýr og hagnýt fyrir notendur bókarinnar, jafnt lærða sem leika. Þá fylgja bókinni skrár yfir lög og dóma, sem og atriðisorðaskrá, sem auðvelda notkun hennar. Meginframlag höfundur felst þannig í að safna saman og setja fram á skipulegan og skýran hátt meginatriði hlutfélagaréttarins.“

Í bókinni er fjallað um helstu álitamál hlutfélagaréttarins, þ.e. um skráningu hlutfélaga, hluti, breytingar á hlutfé og sjóði hlutfélags. Þá er fjallað um stjórnkerfi hlutfélaga, endurskoðun, ársreikninga, samruna og annað sem hlutfélög varðar. Fram kemur að bókinn sé byggð á eldri útgáfum verksins. Þá kemur fram að Eyvindur G. Gunnarsson sé samhöfundur kafla um skaðabætur. Þrátt fyrir þetta er Stefán Már einn tilgreindur sem höfundur á bókarkápu.

Í formála segir höfundur að ritið þjóni þeim tilgangi að vera fræðileg úttekt og greining á hlutfélagalöggjöfni og löggjöf sem henni tengist. Nánar væntir höfundur þess að ritið komi til með „að gagnast öllum sem starfa á vegum hlutfélaga og öðrum sem vilja kynna sér réttarstöðu sína eða annarra í tengslum við hlutfélög.“ Þá er gert ráð fyrir að ritið megi nota til kennslu við æðri menntastofnanir og „jafnframt megi styðjast við hana í framkvæmd, ekki síst af lögfræðingum og öðrum sem starfa við þetta eða skyld réttarsvið.“

Samkvæmt þessu setur höfundur sérlega víðtæk og metnaðarfull markmið, þar sem ritinu er ætlað að vera allt í senn hagnýt handbók fyrir lögfræðinga, sem og ólög-



lærða sem starfa á sviði hlutafélaga eða á skyldum sviðum, kennslubók til notkunar á æðri menntastigum og svo fræðileg úttekt og greining á hlutafélagalöggjöfnni og skyldri löggjöf. Meta verður gildi ritsins út frá því hversu vel þessi markmið nást.

Aðferðafræði höfundar er í meginatriðum sú að kaflar um einstök viðfangsefni hefjast á því að umskrifu eða endursegja efni lagaákvæðis. Þá eru umskrifuð og endursögð ummæli í greinargerð, ef þeim er til að dreifa og vísað í íslenska dóma að svo miklu leyti sem þeir eru til og þeir reifaðir. Þá er vísað í önnur fræðirit, einkum norræn. Á hinn bóginn setur höfundur ekki fram neinar sérstakar almennar fræðilegar spurningar eða tilgátur sem hann hyggst prófa eða svara með rannsóknum sínum eða greiningu á löggjöfnni. Þá skýrir höfundur ekki sértæk fræðileg markmið eða fræðilega aðferðafræði sína. Þannig er bókin í raun fremur almenn lýsing á gildandi löggjöf og þótt greiningar á einstökum atriðum séu víða glöggar skortir engu að síður á heildina litið á fræðilega dýpt. Bókin getur þannig tæpast talist ítarleg og nákvæm fræðileg greining á hlutafélagalöggjöfnni í ströngum skilningi þótt höfundur virðist, ef marka má formálann, hafa ætlað henni slíkt hlutverk.

Sé litið til gildis bókarinnar sem kennslubókar á æðri menntastigum má gera ráð fyrir að höfundur hafi fyrst og fremst í huga nemendur í lögfræði. Ætla má að bókin nýtist þar ágætlega, þótt höfundur geri sér raunar ekki sérstakt far um að skýra ýmis grundvallaratriði, sem ætla mætti að gætu verið gagnleg nemendum til að skilja betur sögulega þróun og efnahagslega þýðingu hlutafélagformsins, sem og kosti þess og galla frá efnahagslegu, viðskiptalegu og lagalegu sjónarmiði. Þó er vikið að þessum atriðum í inngangi og er það vel, en þó í mjög stuttu máli. Ítarlegri umfjöllun um þessi atriði hefði örugglega aukið gildi bókarinnar sem kennslubókar. Þá skýrir höfundur ekki þau kennslufræðilegu markmið sem hann hyggst ná með framsetningu sinni og ekki verður séð með hvaða hætti slík markmið hafa mótað framsetningu efnisins. Þó skal bent á að eldri útgáfur ritsins virðast hafa nýst ágætlega sem kennsubækur og ekki er ástæða til að ætla annað en að þessi útgáfa muni einnig gera það, enda ekki öðrum bókum fyrir að fara um efnið á íslensku sem gætu komið í hennar stað.

Meginstyrkur ritsins liggur í hagnýtu gildi þess sem handbókar eða uppflettirits um alla meginþætti hlutafélagaréttarins. Uppbygging og kaflaskipting bókarinnar fylgir í höfuðatriðum uppbyggingu laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og laga um hlutafélög nr. 2/1995. Uppsetningin er þannig skýr og hagnýt fyrir notendur bókarinnar, jafnt lærða sem leika. Þá fylgja bókinni skrár yfir lög og dóma, sem og atriðisorðaskrá, sem auðvelda notkun hennar. Meginframlag höfundur felst þannig í að safna saman og setja fram á skipulegan og skýran hátt meginatriði hlutafélagaréttarins.

Málfar bókarinnar er að mestu viðunandi, þótt stíll hennar sé fremur flatur og án sérstakra tilþrifa, svo sem algengt er um rit um lögfræðileg efni. Minnir þetta á það sem Halldór Laxness sagði um þann rómaða fræðimann í lögfræði Ólaf Lárusson, að Ólafur hafi verið skemmtilegur maður, þótt bækur hans um lögfræðileg efni bæru þess ekki merki. Frágangur bókarinnar er ágætur og mestu án hnökra. Þó má t.d. benda á að fyrirsögn (heading) á bls. 538 – 541 er röng þar sem segir „dómaskrá“, en á að vera „atriðisorðaskrá“.

Í stuttu máli setur höfundur sér víðtæk markmið þar sem einni og sömu bókinni er ætlað að vera fræðileg greining á réttarreglum um hlutafélög, kennslubók um efnið á háskólastigi og hagnýt handbók og uppflettirit fyrir lögfræðinga sem og aðra sem starfa á sviðinu. Slík markmiðssetning er nokkuð algeng í íslenskum lögfræðiritum, þar sem einni og sömu bókinni er ætlað að þjóna mismunandi hlutverkum og þörfum sem ekki fara endilega alltaf vel saman. Ástæðan fyrir þessari tilhneigingu meðal íslenskra höfunda um lögfræðileg efni er smæð markaðarins og tiltölulega fámennit fræðasamfélag. Þótt þannig megi deila um hversu vel höfundir hefur tekist að ná öllum sínum ólíku markmiðum er bókin engu að síður þrýðilegt framlag til lögfræðilegrar umræðu um hlutafélög og skyld svið og nytsamleg sem slík.

